

Sálin hans Jóns míns:

Stórskemmtilegt gæðapopp

Hljómplötur

Sveinn Guðjónsson

Sálin hans Jóns míns er án efa ein besta og skemmtilegasta hljómsveit landsins um þessar mundir. Hún hefur náð að skapa sér sérstöðu, sinn sérstaka stíl, sem hvergi

finnst annars staðar og gildir þá einu hvort hlustað er á hljómsveitina af hljómplötu eða á sviði. Söngvarinn, Stefán Hilmarsson, á þar að sjálfsögðu drjúgan þátt, en aðrir liðsmenn hljómsveitarinnar virðast einnig falla vel að þeirri ímynd sem Sálin hefur skapað sér og það eru auðvitað þeir sem hafa búið til þennan sérstaka „hljóm“, sem er svo einkennandi fyrir hljómsveitina.

Ofan á þetta bætast svo góðar tónsmíðar gítarleikarans Guðmundar Jónssonar, en að mínum dómi er hann tvímælalaust í hópni hinna bestu sem fram hafa komið á þessu

sviði hér á landi á seinni árum. Hann undirstrikar það rækilega á þessari nýjustu hljómplötu Sálarinnar, en Guðmundur á tíu af tólf lögum á plötunni og eru þau flest í háum gæðaflokki á mælistiku íslenskrar rokktónlistar. Nú veit ég ekki hvort Guðmundur semur lög sín með Stefán Hilmarsson sérstaklega í huga, sem þó ekki er ólíklegt eftir langa og farsæla samvinnu þeirra félaga, en lögin falla alla vega ákaflega vel að söngstíl Stefáns sem og hljómfæraskipan og sér-einkennum hljómsveitarinnar í heild. Jens Hansson saxófónleikari

á einnig tvö prýðileg lög á plötunni, sem falla einnig vel að þessum ramma, þótt mér finnst að vísu ég hafi heyrt annað þeirra áður, eða a.m.k. líkt lag, í flutningi Tinu Turner að mig minnir. En það skiptir ekki öllu máli enda ekki einsdæmi. Það hafa reyndari lagasmíðir en Jens falli í þá gryfju að „fá lánaðar línur“ héðan og þaðan og komist upp með það. Það er því full ástæða til að hvetja Jens til að halda áfram tónsmíðum því hann hefur greinilega neistann sem til þarf.

Ekki er ástæða til að draga hér eitt lag fram yfir annað á þessari plötu því öll eru þau góð, hvert með sínu lagi. Þó er ekki ólíklegt að lagið „Tár eru tár“ verði eitt af þessum „sígildu Sálar-standörðum“ sem fylgja munu sveitinni á tónleikum og dansleikjum í framtíðinni,

svo lengi sem hún lifir. Um frammi-stöðu einstakra liðsmanna, þeirra Friðriks Sturlusonar á bassa, Guðmundar Jónssonar á gítar, Jens Hanssonar á saxófón, Birgis Baldurssonar á trommur og Atla Örvarssonar á hljómborð og trompet, þarf ekki að fjölyrða. Hér er valinn maður í hverju rúmi. Ekki er heldur ástæða til að fara mörgum orðum um Stefán Hilmarsson söngvara, en að mínu viti er hann einn besti söngvari sem hér hefur komið fram um árabíl og rödd hans hefur svo mikinn „karakter“ að jafnvel flá-mæli og furðulegar úherslur, sem slæðast með á stöku stað, virðast eðlilegur og sjálfsagður framsagn-armáti í meðförum hans. En hvað sem því líður er nýja plata Sálarinnar að mínum dómi ein sú besta og skemmtilegasta sem út hefur komið fyrir þessi jól.